

Skeljungur hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
1. janúar til 30. júní 2017

Skeljungur hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Kt. 590269 -1749

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn árs hlutareikningur Skeljungs hf. hefur að geyma samstæðureikning Skeljungs hf. og dótturfélaga þess fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017. Reikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34, og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Heildartekjur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2017 voru 24.732 millj. kr. (2016: 21.362 millj. kr.) og hagnaður nam 728 millj. kr. (2016: 659 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi 30. júní 2017 námu eignir samstæðunnar 20.925 millj. kr. (2016: 18.299 millj. kr.) og skuldir 13.145 millj. kr. (2016: 11.187 millj. kr.). Eigið fé nam 7.781 millj. kr. (2016: 7.112 millj. kr.) og var eiginfjárlutfall 37% (2016: 39%).

Þann 31. mars var gengið frá samningum um endurfjármögnun á öllum vaxtaberandi lánnum samstæðunnar við Bank Nordik, Betri banka og Arion banka. Lánin komu til greiðslu í lok apríl en gert er ráð fyrir að endurfjármögnunin muni, á ársgrundvelli frá því að samningar tóku gildi, lækka fjármagnskostnað félagsins um 150 til 160 milljónir króna frá því sem annars hefði orðið, þó háð skuldsetningu félagsins yfir tímabilið. Þá mun lántakan einnig draga úr gjaldeyrisáhættu samstæðunnar, þar sem lán að upphæð 130 millj. DKK í Skeljungi er ætlað að verja hluta af virði dótturfélags þess Magn sem er með danska krónu sem starfrækslugjaldmiðil. Samstæðan hefur því tekið upp áhættuvarnarreikningsskil frá því lánin komu til greiðslu.

Þann 21. maí tilkynnti félagið um samningaviðræður um kaup á öllu hlutfé Baskó ehf, félagi sem meðal annars rekur þægindavöruverslanir undir merkjum 10-11, Iceland og Dunkin Donuts í gegnum dótturfélög. Þeim viðræðum var svo formlega slitið þann 16. júlí, en kaupin voru háð ýmsum forsendum og fyrirvörum sem ekki gengu eftir.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árs hlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árs hlutareikninga IAS34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Það er álit stjórnar og forstjóra að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2017 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 30. júní 2017.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árs hlutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Skeljungs hf. hafa í dag fjallað um árs hlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. ágúst 2017.

Stjórn

Jón Dídrik Jónsson, formaður

Birna Ósk Einarsdóttir

Gunn Ellefsen

Jens Meinhard Rasmussen

Trausti Jónsson

Forstjóri

Valgeir M. Baldursson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Skeljungs hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning samstæðu Skeljungs, fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árs hlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Könnun árs hlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árs hlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árs hlutareikningar“.

Reykjavík, 28. ágúst 2017.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2017

	Skýr.	2017 1.4. - 30.6.*	2016 1.4 - 30.6.*	2017 1.1 - 30.6	2016 1.1 - 30.6
Sala	4	13.496	12.696	24.732	21.362
Kostnaðarverð seldra vara	5	(11.551)	(10.662)	(21.127)	(17.678)
Framlegð.....		1.945	2.034	3.605	3.684
Aðrar rekstrartekjur		26	48	52	72
Laun og launatengd gjöld		(519)	(559)	(996)	(1.069)
Sölu- og dreifingarkostnaður		(430)	(515)	(867)	(956)
Annar rekstrarkostnaður		(146)	(170)	(290)	(304)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði		876	837	1.503	1.427
Afskriftir og virðisryrnun rekstrarfjármuna		(189)	(171)	(379)	(349)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		687	666	1.124	1.078
Fjármunatekjur		6	8	11	14
Fjármagnsgjöld		(108)	(157)	(235)	(280)
		(102)	(149)	(224)	(265)
Áhrif hlutdeildarféлага		0	1	0	1
Hagnaður fyrir tekjuskatt		585	517	901	814
Tekjuskattur	6	(113)	(99)	(173)	(154)
Hagnaður tímabilsins		473	418	728	659
Skipting hagnaðar					
Eigendur móðurfélags		473	418	728	659
Minnihluti í dótturfélögum		0	0	0	0
		473	418	728	659
Hagnaðarhlutur:					
Hagnaður á hlut		0,23	0,17	0,35	0,23
Þynntur hagnaður á hlut		0,22	0,17	0,34	0,23

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum
Skýringar á blaðsíðum 10 - 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2017

	2017	2016	2017	2016
Skýr.	1.4. - 30.6.*	1.4 - 30.6.*	1.1 - 30.6	1.1 - 30.6
Hagnaður tímabilsins	<u>473</u>	<u>418</u>	<u>728</u>	<u>659</u>
Liðir færðir beint á elgið fé sem síðar kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi:				
Þýðingarmunur hlutdeildar- og dótturfélaga	(103)	(120)	(53)	(120)
Tap vegna varna hreinnar fjárfestingar	(19)	0	(19)	0
Tekjuskattsáhrif vegna varna hreinna fjárfestinga	4	0	4	0
Heildarhagnaður tímabilsins	<u>355</u>	<u>298</u>	<u>660</u>	<u>539</u>
Skipting hagnaðar				
Eigendur móðurfélags	473	418	728	659
Minnihluti í dótturfélögum	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
	473	418	728	659

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum
Skýringar á blaðsíðum 10 - 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 30. júní 2017

	Skýr.	30.6.2017	31.12.2016	
Fastafjármunir				
Viðskiptavild		3.111	3.131	
Aðrar óefnislegar eignir		653	649	
Rekstrarfjármunir		9.526	9.653	
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		93	93	
Langtímakröfur		0	1	
Fastafjármunir		13.383	13.527	
Veltufjármunir				
Birgðir		2.798	2.354	
Viðskiptakröfur		3.989	2.136	
Aðrar skammtímakröfur	7	246	97	
Handbært fé		508	185	
Veltufjármunir		7.542	4.772	
Eignir samtals		20.925	18.299	
Eigið fé				
Hlutfé		2.100	2.100	
Yfirverðsreikningur hlutfjár		3.115	3.115	
Lögbundinn varasjóður		406	370	
Varasjóður vegna kaupréttarsamninga		37	37	
Þýðingarmunur eignarhluta í dótturfélagi	(1.218)	(1.150)
Bundinn reikn. vegna afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага		813	633	
Óráðstafað eigið fé		2.519	2.008	
Eigið fé hluthafa móðurfélags		7.772	7.112	
Hlutdeild minnihluta		9	0	
Eigið fé samtals		7.781	7.112	
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Tekjuskattsskuldbinding	8	604	612	
Skuldir við lánastofnanir	9	4.880	4.486	
Langtímaskuldir og skuldbindingar		5.483	5.099	
Skammtímaskuldir				
Skuldir við lánastofnanir	9	2.131	1.702	
Viðskiptaskuldir		1.912	1.551	
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	9	346	404	
Skuldir við tengd félög		130	0	
Tekjuskattur til greiðslu		300	271	
Aðrar skammtímaskuldir		2.842	2.160	
Skammtímaskuldir		7.662	6.088	
Skuldir samtals		13.145	11.187	
Eigið fé og skuldir samtals		20.925	18.299	

Skýringar á blaðsíðum 10 - 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2017

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Varasjóður v. kaupréttar- samninga	Þyðingar- munur	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
2016										
Eigið fé hluthafa 31.12.2015	2.502	3.712	244	37	(522)	0	1.505	7.478	0	7.478
Hagnaður ársins							659	659		659
Önnur heildarafkoma					(120)			(120)		(120)
Heildarhagnaður tímabilsins					(120)	0	659	539	0	1.078
Lagt í lögbundinn varasjóð			33				(33)	0		0
Viðskipti við eigendur félagsins						206	(206)	0		0
Lækkun hlutafjár	(403)	(597)						(1.000)		(1.000)
Staða 30.06.2016	2.100	3.115	277	37	(642)	206	1.925	7.017	0	7.556
2017										
Eigið fé hluthafa 31.12.2016	2.100	3.115	370	37	(1.150)	633	2.008	7.112	0	7.112
Hagnaður ársins							728	728		728
Önnur heildarafkoma					(68)			(68)		(68)
Heildarhagnaður tímabilsins					(68)	0	728	660	0	660
Bundið vegna hlutdeildar í dóttur- og hlutdeildarfélögum						180	(180)	0		0
Breyting á minnihlutaeign									9	9
Lagt í lögbundinn varasjóð			37				(37)	0		0
Staða 30.06.2017	2.100	3.115	406	37	(1.218)	813	2.519	7.772	9	7.781

Skýringar á blaðsíðum 10 - 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2017

	2017	2016	2017	2016
	Skýr. 1.4. - 30.6.*	1.4 - 30.6.*	1.1 - 30.6	1.1 - 30.6
Rekstrarhreyfingar				
Hagnaður tímabilsins	473	418	728	659
Leiðrétt fyrir:				
Afskriftir	189	171	379	349
Áhrif hlutdeildarféлага	0 (1)	0 (1)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	102	149	224	265
Sölutap (-hagnaður) eigna	0	1	2 (0)
Tekjuskattur	113	140	173	154
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	877	878	1.505	1.426
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Vörubirgðir, breyting	(508)	(507)	(454)	(963)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	(991)	(959)	(2.006)	(1.765)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	459	214	1.016	1.491
	(1.040)	(1.252)	(1.444)	(1.237)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	(164)	(373)	61	189
Innborgaðar vaxtatekjur	3	6	11	14
Greidd vaxtagjöld	(122)	(145)	(252)	(273)
Greiddur tekjuskattur	(27)	(18)	(45)	(30)
Handbært fé frá rekstri	(310)	(531)	(225)	(100)
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(133)	(273)	(300)	(504)
Söluverð rekstrarfjármuna	4 (1)	10	6
Verðbréf, breyting	(4)	7	1	14
Fjárfestingarhreyfingar	(132)	(267)	(289)	(484)
Fjármögnunarmhreyfingar				
Selt hlutfé til minnihluta í dótturfélagi	9	0	9	0
Afborganir langtímalána	(4.162)	(99)	(4.264)	(487)
Tekin ný langtímalán	4.589	0	4.589	0
Skammtímalán, breyting	175	751	503	899
Fjármögnunarmhreyfingar	611	652	838	412
Hækkun/(lækkun) á handbæru fé	168 (147)	323 (172)
Handbært fé í byrjun árs	341	353	185	374
Þýðingarmunur á handbæru fé	(2)	(11)	0 (6)
Handbært fé í lok tímabilsins	508	196	508	196
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:				
Lækkun hlutfjár í móðurfélagi	0	0	0 (1.000)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	0	0	0	1.000

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum
Skýringar á blaðsíðum 10 - 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Skýringar

1. Félagið

Skeljungur hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang er Borgartún 26, Reykjavík. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess (sem vísað er til í heild sem „samstæða“ og eitt og sér sem „félag“) og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Megintilgangur félagsins er innflutningur, sala og dreifing á eldsneyti, en einnig smurolíu, efnavöru og áburði, svo og hverskonar viðskipti með aðrar vörur, bæði í smásölu og heildsölu. Ennfremur lánastarfsemi, rekstur fasteigna, skipa, þjónustustöðva og annar atvinnurekstur, eða þátttaka í atvinnustarfsemi, samkvæmt ákvörðun stjórnar. Samstæðan starfar á tveimur landfræðilegum mörkuðum, á Íslandi og í Færeyjum. Á Íslandi er félagið rekið undir merkjum Skeljungs, Orkunnar og Orkunnar X og starfræktar eru 65 bensinstöðvar og 4 birgðastöðvar. Dótturfélagið P/F Magn er með starfsemi í Færeyjum og rekur 11 smásölu- og bensinstöðvar víðs vegar um Færeyjar auk þess að reka 2 birgðastöðvar. Viðskiptavinir félaganna koma úr öllum geirum samfélagsins.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfum í lögum um ársreikninga.

Árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesast í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2016 sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.skeljungur.is.

Stjórn Skeljungs samþykkti árshlutareikninginn 28. ágúst 2017.

b. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2016 fyrir utan að félagið hóf að beyta áhættuvarnarreikningsskilum um hreina fjárfestingu á tímabilinu, sjá skýringu 10. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana sem ekki hafa tekið gildi muni ekki hafa veruleg áhrif á samstæðuárshlutareikninginn.

c. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugnar þessu mati.

e. Árstíðarbundnar sveiflur

Umsvif félagsins eru jafnan nokkru meiri á 2. og 3. ársfjórðungi en á 1. og 4. fjórðungi. Bókfært verð rekstrartengdra eigna og skulda er því að jafnaði lægra í lok 1. og 4. fjórðungs en í lok 2. og 3. fjórðungs.

Skýringar, frh.:

3. Landfræðileg skipting

Við framsetningu upplýsinga hér að neðan er byggt á landfræðilegri staðsetningu félaga í samstæðu.

Árið 2017

Rekstrarreikningur 01.01. - 30.6.

	Ísland	Færeyjar	Samtals
Heildartekjur	19.213	6.316	25.529
Tekjur innan samstæðu	(797)	0	(797)
Tekjur utan samstæðu	18.415	6.316	24.732
Framlegð	2.616	989	3.605
EBITDA	992	511	1.503
EBIT	691	434	1.124

Efnahagsreikningur 30.6.

Fastafjármunir	9.616	3.767	13.383
Veltufjármunir	5.799	1.743	7.542
Eignir samtals	15.415	5.510	20.925
Langtímaskuldir	4.109	1.374	5.483
Skammtímaskuldir	5.706	1.956	7.662
Skuldir samtals	9.815	3.330	13.145

Árið 2016

Rekstrarreikningur 01.01. - 30.6.

	Ísland	Færeyjar	Samtals
Heildartekjur	15.440	5.945	21.384
Tekjur innan samstæðu	(22)	0	(22)
Tekjur utan samstæðu	15.417	5.945	21.362
Framlegð	2.575	1.109	3.684
EBITDA	846	581	1.427
EBIT	580	498	1.078

Efnahagsreikningur 31.12.

Fastafjármunir	9.695	3.832	13.527
Veltufjármunir	3.419	1.353	4.772
Eignir samtals	13.114	5.185	18.299
Langtímaskuldir	4.351	748	5.099
Skammtímaskuldir	4.652	1.436	6.088
Skuldir samtals	9.003	2.184	11.187

4. Sala

Sala greinist þannig:

	2017	2016
	1.1. - 30.6.	1.1. - 30.6.
Eldsneyti	22.997	19.244
Önnur vörusala	1.735	2.118
Sala samtals	24.732	21.362

5. Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara greinist þannig:

Eldsneyti	19.979	16.214
Aðrar vörur	1.148	1.463
Kostnaðarverð seldra vara samtals	21.127	17.678

Skýringar, frh.:

6. Tekjuskattur

	30.6.2017	31.12.2016
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:		
Ógreiddur tekjuskattur	300	152
Frestaður tekjuskattur	(127)	2
Gjaldfærður tekjuskattur	173	154

Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	1.1.- 30.6.2017		1.1.- 30.6.2016	
Hagnaður fyrir tekjuskatt	901		814	
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	20,00%	180	20,00%	163
Áhrif skatthlutfalla hjá erlendu dótturfélagi	0,92%	(8)	1,13%	(9)
Aðrir liðir	(0,12%)	1	(0,09%)	1
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	20,81%	173	21,04%	154

7. Aðrar skammtímakröfur

	30.6.2017	31.12.2016
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Kröfur á hið opinbera	186	55
Næsta árs afborgun langtímakrafna	18	33
Aðrar kröfur	43	8
Aðrar skammtímakröfur í lok tímabilsins	246	97

8. Tekjuskattsskuldbinding

	30.6.2017	31.12.2016
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:		
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	612	641
Þýðingarmunur	(9)	(58)
Reiknaður tekjuskattur af áframhaldandi starfsemi	0	301
Tekjuskattur til greiðslu		(271)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins	604	612

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði

Rekstrarfjármunir	537	537
Óefnislegar eignir	72	72
Vörubirgðir	16	16
Viðskiptakröfur	(8)	(8)
Frestun gengismunar	(12)	(3)
Aðrir liðir	(2)	(2)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins	604	612

Skýringar, frh.:

9. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Lokagjalddagar	30.6.2017		31.12.2016		
	Meðalvextir	Bókfært verð	Meðalvextir	Bókfært verð	
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:					
Skuldir í DKK	2027	2,5%	3.320	2,5%	731
Skammtímalán í USD	2018	4,3%	530	3,9%	303
Skammtímalán í DKK	2017	2,5%	258	2,5%	60
			4.108		1.094
Skuldir í íslenskum krónum:					
Óverðtr. langtímalán	2022	5,5%	1.905	6,6%	4.160
Óverðtr. skammtímalán	2018	5,5%	1.343	7,5%	1.339
			3.249		5.499
Vaxtaberandi skuldir samtals			7.357		6.592

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

	30.6.2017
1.7.2017 - 30.6.2018.....	346
1.7.2018 - 30.6.2019.....	349
1.7.2019 - 30.6.2020.....	353
1.7.2020 - 30.6.2021.....	358
1.7.2021 - 30.6.2022.....	2.156
Síðar	1.664
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	5.226

10. Áhættuvarnarreikningsskil

Þann 21. apríl 2017 byrjaði félagið að beita áhættuvarnarreikningsskilum um hreina fjárfestingu vegna gjaldeyrisáhættu sem myndast milli starfrækslugjaldmiðils dótturfélagsins Magn P/F, í dönskum krónum, og starfrækslugjaldmiðils félagsins, í íslenskum krónum. Fjárfesting félagsins í Magni er varin að hluta með lántöku félagsins í dönskum krónum, en bókfært verð lántökunnar var 127 millj. danskar krónur þann 30. júní 2017. Félagið hefur tilgreint alla lántökuna sem áhættuvarnargerning vegna gjaldeyrisáhættu sem myndast vegna samsvarandi fjárhæðar af hreinni heildarfjárfestingu í Magn.

Félagið mælir virkni áhættuvarnarinnar út frá fjárhæð hreinnar eignar sem varin er. Að svo miklu leyti sem áhættuvörnin er virk er þýðingarmunurinn vegna lántökunnar færður í aðra heildarafkomu og safnast inn á áhættuvarnarreikning meðal eiginfjár. Félagið mun endurflokka þýðingarmuninn af eigin fé yfir í rekstrarreikning ef félagið selur Magn. Félagið færir alla óvirkni, ef einhver er, strax í rekstrarreikning. Engin óvirkni var vegna áhættuvarnar á hreinni fjárfestingu vegna gjaldeyrisáhættu á tímabilinu.

11. Félög í samstæðunni

Eftirfarandi félög eru innifalin í samstæðureikningsskilunum:

	Eignarhlutur	
	30.6.2017	31.12.2016
Bensinorkan ehf., Reykjavík	100%	100%
S-fasteignir ehf., Reykjavík	0%	100%
Tollvörugymsla Skeljungs ehf., Reykjavík	100%	100%
P/F Magn, Færeyjar	100%	100%
Íslenska vetnisfélagið ehf.	90%	100%

Skýringar, frh.:

12. Önnur mál

Frummatsskýrsla Samkeppniseftirlitsins, sem fól í sér athugun á því hvort grípa þyrfti til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem koma í veg fyrir, takmarka eða hafa skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns, var birt 30. nóvember 2015. Þess ber að geta að rannsóknin beindist ekki sérstaklega að félaginu sjálfu heldur eldsneytismarkaðinum í heild. Öllum aðilum tengdum eldsneytismarkaðnum var gefið færi á að koma með athugasemdir við skýrsluna og lagði Skeljungur fram rökstuddar athugasemdir sínar þar sem niðurstöðunni, aðferðafræði við útreikninga og forsendum útreikninga var harðlega mótmælt. Þann 21. september 2016 hélt Samkeppniseftirlitið svo opinn fund um málið þar sem farið var yfir niðurstöður skýrslunnar og rætt við sérfræðinga og aðila tengda eldsneytismarkaðinum. Ef til þess kemur að Samkeppniseftirlitið beini tilmælum til markaðsaðila um einhvers konar breytingar er ráðgert að það verði fyrir lok árs.

13. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:

	2017	2016
	1.1. - 30.6.	1.1. - 30.6.
Rekstur:		
Framlegð í hlutfalli af sölu	14,6%	17,2%
EBITDA / Framlegð	41,7%	38,7%
EBIT / Framlegð	31,2%	29,2%
Laun / Framlegð	27,6%	29,0%
Sölu og dreifingarkostnaður / Framlegð	24,1%	26,0%
Rekstrarkostnaður / Framlegð	59,7%	63,2%
Efnahagur:	30.6.2017	31.12.2016
Veltufjórhlutfall - veltufjórmunir/skammtímaskuldir	0,98	0,78
Lausafjórhlutfall - (veltufjórmunir - birgðir) / skammtímaskuldir	0,62	0,40
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA (sl. 12 mánaða)	2,41	2,32
Eiginfjórhlutfall - eigið fé / eignir samtals	37,2%	38,9%
Arðsemi eigin fjár (ársgrundvelli)	20,5%	17,7%
Innra virði hlutfjár	3,7	3,4